



Fornleifaskráning vegna lagningar strengs á Langanesi og í Þistilfirði.



Indriði Skarphéðinsson

2023

Forsíðumynd: Varða [3141:11], séð yfir Gunnarsstaði frá rótum Gunnarstaðaáss.




© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir

Unnið fyrir Rarik

Desember 2023

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
INNGANGUR	4
STRENGLEIÐ	4
SKRÁNINGIN	6
LANGANES (SAUÐANESHREPPUR)	6
Hlíð	6
YTRA-LÓN/EFRA-LÓN	6
SAUÐANES	8
<i>Sauðaneskot</i>	10
SYÐRA-LÓN	13
ÞISTILFJÖRÐUR	16
GUNNARSSTAÐIR	16
LAXÁRDALUR OG HOLT	16
SYÐRA-ÁLAND	19
NÍÐURSTÖÐUR & MÓTVÆGISAÐGERÐIR	20
TAFLA 1. YFIRLIT YFIR SKRÁÐAR MINJAR	21
MYNDASKRÁ:	22
HEIMILDASKRÁ	22
KORT AF SKRÁÐUM MINJUM:	23



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.

Abstract

This report details the findings of an archaeological survey of an area in proximity to the plowing route of an electrical cable in Þistilfjörður and Langanes in Langanesbyggð. Thirteen archaeological remains were found in the area out of which four were found to be threatened by the plowing of the cable. In all cases it was suggested to move the electrical cable further from the archaeological remains. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Inngangur

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en hafist er handa við plægingu raf-, vatns- og fjarskiptalagna. Tilgangur fornleifaskráningar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á lagnaleið, ásamt því að skoða lagnaleið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði.

Indriði Skarphéðinsson, fornleifafræðingur hjá Sagnabrunni ehf. fornleifaskráði að beiðni Rarik ehf. leið strengs í Þistilfirði og Langanesi í Langanesbyggð dagana 10.-12. nóvember síðastliðinn. Fulltrúi verkkaupa var Rögnvaldur Guðmundsson. Verkið fékk verkefnanúmerið 3141 hjá Minjastofnun Íslands.

Strengleið

Fyrirhuguð lögn er í tveim bútum. Annars vegar yfir um 11 km leið frá Hlíð á Langanesi að Þórshöfn í gegnum bæina Ytra-Lón, Sauðanes og Syðra-Lón. Hins vegar um 6.5 km leið frá Gunnarstöðum í Þistilfirði að Syðra-Álandi í gegnum bæina Holt og Laxárdal. Sjá má legu fyrirhugaðrar lagnar, ásamt breytinga sem gerðar voru á lagnaleiðinni vegna minja sem stafaði hætta af framkvæmdunum á myndum 1 og 2.

Var fornleifaskráningin unnin á þann veginn að um leið og ljóst var að minjum stafaði hætta af framkvæmdinni var lögð til breyting á línunni. Var þá svæðið sem lenti undir breytttri strengleið tekið út jafnóðum með tilliti til fornleifa. Var lega strengsins að hluta til breytt í tvígang.



Mynd 1. Fyrirhuguð lega strengsins á Langanesi, ásamt breytingum vegna fornleifa í hættu.



Mynd 2. Fyrirhuguð lega strengsins í Pistilfirði, ásamt breytingum vegna fornleifa í hættu.

Skráningin

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögunum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nálægt fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru innan könnunarsvæðisins.

Áður hafa fornleifar verið skráðar á einum stað innan rannsóknarsvæðisins en Ármann Guðmundsson hjá Þjóðminjasafni Íslands skráði minjar í kringum bæjarhúsin á Sauðanesi árið 2021 vegna breytingu á deiliskipulagi (Ármann Guðmundsson 2022). Ásamt því að könnunarsvæðið væri skoðað á vettvangi var leitað vísbendinga um fornleifar í rituðum heimildum og loftmyndum. Eins var rætt við ábúendur á viðkomandi bæjum þar sem það reyndist mögulegt. Fornleifar voru mældur upp með Trimble Nomad 5 og skoðaðir voru 15 m svæði sitthvoru megin við fyrirhugaða og breytta legu strengsins. Lega strengsins liggur gegnum fjórar jarðir á Langanesi og fjórar jarðir í Þistilfirði.

Í heildina voru skráðar 13 fornleifar í leið eða í námunda við strenginn. Voru breytingar lagðar til og gerðar þar sem hægt var. Með breytingum eru þó enn fjórar minjar sem teljast í hættu vegna framkvæmdanna. Um þær verður fjallað nánar í síðasta kafla skýrslunnar þar sem einnig verða lagðar til mótvægisáðgerðir vegna þeirrar hættu sem stafar af þeim.

Langanes (Sauðaneshreppur)

Hlíð

Engar minjar fundust við fornleifaskráningu í landi Hlíðar.

Ytra-Lón/Efra-Lón

Landnámsmaðurinn Ketill Þistill nam land á svæðinu og er Ytra-Lón líklegast byggð úr landnámsjörð Ketils frá fyrstu öldum byggðar. Upphaflega voru Syðra-Lón og Ytra-Lón ein

og sama jörðin, kölluð Lón, en snemma á 14. öld skiptist jörðin í tvennt. Ytra-Lón var fyrr á tímum annað hvort nefnt Lón eða Kirkjulón og var lengi eign Sauðaneskirkju (Friðrik G. Olgeirsson 1998:40). Nýbýlið Efra-Lón var byggt úr einum þriðja úr landi Ytra-Lóns árið 1943 en Ytra-Lón fór í eyði árið 1964. Tilheyrir nú jörðin öll Efra-Lóni sem heitir nú Ytra-Lón (Friðrik G. Olgeirsson 2000:160).

Tvær minjar voru skráðar í fornleifaskráningu í landi Ytra-Lóns. Um er að ræða gamla bæjarstæðið á Ytra-Lóni og heimild um garðlag.

[3141-012] Bæjarhóll.



Mynd 3. Gamla bæjarstæðið [3141-012] á Ytra-Lóni. Mynd tekin til vesturs.

Um 150 m norðvestan við íbúðarhúsið á Ytra-Lóni stendur töluverður hóll í túni. Um er að ræða gamla bæjarstæðið á Ytra-Lóni sem fór í eyði árið 1964. Hús var reist á staðnum árið 1920 úr timbri og var svo endurbyggt 11 árum síðar (Friðrik G. Olgeirsson 1998:17). Ekki sjást miklar leifar þeirrar byggingar en reykkofti er nú austan megin í hólnum. Bæjarhóllinn er staðsettur utan við áhrifasvæði strengsins og stafar ekki hættu af framkvæmdunum.

[3141-013] Heimild um garðlag

Í örnefnaskrá Ytra-Lóns segir: „*Gamall vallargarður lá milli bæjanna*“ (Örnefnaskrá Ytra-Lóns). Hér er að öllum líkindum átt við bæina á Ytra- og Efra-Lóni. Um og eftir 1850 var farið að hlaða túngarða í nokkrum mæli á Langanesi og var því sinnt eitthvað á hverju ári fram til

1890 en lagðist þá af til skamms tíma og var gert í minna mæli fram á upphaf 20. aldar (Friðrik G. Olgeirsson 1998:158). Á túnakorti Ytra-Lóns frá 1920 er merktur inn túngarður umhverfis bæinn, getur verið að um leifar hans sé að ræða. Ekki sjást nein merki vallargarðsins í túninu milli bæjarhólsins á Ytra-Lóni og nústandandi bæjar og er hann líklegast horfinn vegna sléttunar. Leiða má líkur að því að hann hafi verið reistur um miðbik eða seinni hluta 19. aldar en þá virðist hafa verið töluverð aukning í byggingu slíkra garða. Þó er ekki útilokað að um eldri minjar sé að ræða. Nákvæm staðsetning túngarðsins er ekki ljós vegna sléttunar túnsins en lega strengsins liggur þvert í gegnum túnið á milli gamla og nýja bæjarstæðisins og gæti minjunum því stafað hætta af framkvæmdunum.

Sauðanes

Líklega hefur verið byggð á Sauðanesi frá fyrstu tíð og byggðist jörðin út frá landnámi Ketils Pistils, ekki er ósennilegt að Ketill hafi sjálfur byggt á Sauðanesi. Upphaflega var Sauðanes tvær jarðir, Sauðanes og Sauðanes Syðra en voru þær svo sameinaðar árið 1318. Um miðbik 14. aldar eignast kirkjan alla jörð Sauðaness en hafði fram að því bara átt helming. Sauðanes hefur lengi verið talið gott brauð og mikil hlunnindi hafa verið í dún- og eggjatöku, reka og silungi (Ármann Guðmundsson 2022:6) (Friðrik G. Olgeirsson 1998:52).


Áður hefur farið fram fornleifaskráning við Sauðanes. Þjóðminjasafn Íslands fór í skráningu fornleifa vegna fyrirhugaðra framkvæmda árið 2021 (Ármann Guðmundsson 2022). Sú skráning nær yfir svæðið næst gamla bænum á Sauðanesi. Eru þær minjar sem þar eru skráðar allar utan áhrifasvæðis fyrirhugaðs strengs. Fjórar minjar voru skráðar við fornleifaskráninguna nú. Um er að ræða tvö garðlög og eina tóft við eyðibýlið Sauðaneskot og eina tóft við Gunnlaugsá.

[3141-001] Tóft

Tæpa 50 m norðan við þar sem þjóðvegurinn þverar Gunnlaugsá stendur tóft á austurbakka árinna. Um er að ræða nokkuð lágreista ferhyrnda tóft, rúmir 6 m á lengd og 4 m á breidd. Inngangur virðist vera á vesturhlið tóftarinnar en er óskýr. Tóftin er nokkuð lágreist með veggghæð á bilinu 0.2-0.4 m og breidd veggja um 1 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega er um gamalt heystæði að ræða. Tóftin lenti innan áhrifasvæði fyrirhugaðri legu strengsins en var legu hans breytt og stafar því minjunum ekki hætta af framkvæmdunum (sjá mynd 5).



Mynd 4. Tóft [3141-001] við Gunnlaugsá í forgrunni, þjóðvegur í bakgrunni.



Mynd 5. Staðsetning tóftar [3141-001] með tilliti til legu strengsins.

Sauðaneskot

Sauðaneskot er hjáleiga frá Sauðanesi sem hefur verið í byggð og í eyði til skiptist frá fornu fari. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er Sauðaneskots getið og segir þar: „Byggð fyrir manna minni, hefur í eyði legið undir 20 ár.“ (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943:374). Árið 1831 byggðist aftur á Sauðaneskoti eftir að það hafði verið í eyði í eina öld (Friðrik G. Olgeirsson 1998:189), byggð lagðist svo af á árunum 1871-1930 og fór jörðin svo endanlega í eyði árið 1943 (Friðrik G. Olgeirsson 2000:159). Töluverðar minjar eru við bæjarstæðið á Sauðaneskoti en er fyrirhuguð lega strengsins nokkuð norðan við það. Þrjár fornleifar voru skráðar á staðnum vegna lagningu strengsins.

[3141-004] Garðlag



Mynd 6. Garðlag [3141-004] við Sauðaneskot, fyrir miðri mynd. Mynd tekin til austurs.

Garðlagið er greinilegt á um 120 m löngum kafla og liggur frá norðurhlið bæjarstæðisins á Sauðaneskoti til vesturs þar sem garðlagið fellur að hluta til saman við girðingu sem þar stendur og hverfur svo. Veggghæð garðlagsins er frá 0.2-0.4 m á hæð og er breidd þess um 1 metri. Garðlagið er misgreinilegt í þýfðu landslaginu. Upprunaleg lega strengsins skar þvert í gegnum minjarnar en var fyrirhuguð lega strengsins færð um 150 m norðvestur við minjarnar og stafar þeim því ekki hætta af framkvæmdunum.

[3141-005] Tóft



Mynd 7. Tóft [3141-005] við Sauðaneskot, mynd tekin til norðvesturs.

Um 12 m sunnan og vestan við garðlag [3141-004] stendur tóft. Tóftin er 16 m á lengd og 7 m á breidd, tvíhólf með misstórum rýmum. Tóftin liggur norður-suður og vísar inngangur hennar til vesturs. Stærri rýmið er norðan megin í tóftinni, það er aflangt, rúmir 7 m á lengd og um 3.5 á breidd að innanmáli. Minna rýmið sunnan megin í tóftinni er töluvert minna en það er um 2x2 m að innanmáli. Vegghæð tóftarinnar er um 0.3-0.5 m og er mesta breidd þeirra um 1.5 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en út frá gerð hennar og staðsetningu má færa líkur að því að um gripahús sé að ræða. Tóftin lenti að hluta til innan



Mynd 8. Uppmæling á tóft [3141-005].

áhrifasvæðis upprunalegrar legu strengsins en var fyrirhuguð lega strengsins færð um 120 m vestur fyrir minjarnar og stafar þeim því ekki hætta af framkvæmdunum.


[3141-006] Garðlag



Mynd 9. Garðlag [3141-006] fyrir miðri mynd, tekið til austurs.

Garðlagið er vel greinanlegt á um 240 m löngum kafla, það liggur nokkuð sunnan við bæjarstæði Sauðaneskots, með mjúka sveigju til norðvesturs að girðingu sem þar stendur og hverfur svo í mýrina. Liggur garðurinn um nokkuð þýft og blautt svæði. Vegghæðin er á bilinu 0.2-0.5 m og er mest breidd

garðsins um 1.5 m. Garðurinn er vel sýnilegur næst bæjarstæðinu en verður ógreinilegi í mýrinni fjær bænum. Upprunaleg lega strengsins skar þvert í gegnum minjarnar en var fyrirhuguð lega strengsins færð um 50 m norður og vestur við nyrsta hluta þeirra og stafar þeim því ekki hættu af framkvæmdunum.




Mynd 10. Staðsetning minjanna við Sauðaneskot með tilliti til legu strengsins.

Syðra-Lón

Upphaflega var Syðra-Lón og Ytra-Lón ein jörð, Lón en skiptist snemma á 14. öld. Fram á 16. öld hét Syðra-lón Guðmundarlón og stóð bærinn áður þar sem heita Fossárvellir.

Þórshöfn tilheyrði Syðra-Lóni og góð lending þar taldist töluverð hlunnindi. Var jörðin metin á 12 hundruð að dýrleika og árið 1464 fór jörðin í eigu Hólastóls (Friðrik G. Olgeirsson 1998:40 & 185). Við fornleifaskráningu nú voru skráðar tvær minjar, um er að ræða framræsluminjar og mógrafir.


[3141-007] Mógrafir



Mynd 11. Loftmynd af Þórshöfn frá 1958, mógrafirnar fyrir miðri mynd. Mynd fengin í loftmyndasafni LMÍ.

Töluverðar mógrafir eru staðsettar stutt norðaustan við norður mörk Þórshafnar. Grafirnar eru illgreinilegar og ógerlegt var að mæla þær upp á vettvangi. Sjást þær ágætlega á loftmynd í kortasjá loftmynda en eru þær vel sýnilega á loftmynd af svæðinu frá 1958 og voru minjarnar mældur upp eftir loftmynd. Mógrafirnar þekja svæði sem er rúmur hektari á stærð en skurður hefur verið grafin nokkurn veginn þvert í gegnum þær.

Sumarið 1888 hófu bændur á Langanesi að vinna svörð í fyrsta skiptið (Friðrik G. Olgeirsson 1998:164) og má telja líklegt að mógrafirnar sem hér um ræðir mætti tímasetja til lok 19. aldar til upphafs 20. aldar. Lá upprunaleg leið strengsins í gegnum mógrafirnar og eftir breytingu á legu strengsins liggur leið hans enn um minjarnar og stafar þeim því hættu af



Mynd 12. Staðsetning og umfang mógrafanna með tilliti til legu strengsins.

framkvæmdinni. Hlífa mætti mógröfunum með hliðrun legu strengsins um 20 m austur en þar eru einungis slétt tún.

[3141-008] Framræsluskurðir

Beint austan við suðurenda Þórshafnarflugvallar, austan þjóðvegs eru tveir samtengdir áveituskurðir. Um er að ræða nokkuð lágan garð, um 0.3-0.5 m á hæð og um 1 m á breidd með grunnri ræmu þétt við. Líkast til hefur verið grafinn grunnur skurður og uppmoksturinn safnast í garð þétt við skurðinn. Minjunum hefur að hluta til verið raskað af seinni tíma skurðgreftri. Liggur annar skurðurinn nokkuð beint norður-suður en hinn austur-vestur og eru þeir báðir um 150 m á lengd.




Mynd 13. Framræsluskurðirnir þar sem þeir mætast. Mynd tekin til suðurs.

Eru heimildir fyrir því að skurðagröftur hafi hafist á Langanesi um miðbik 19. aldar og aukist fram á 20. öldina (Friðrik G. Olgeirsson 1998:158). Minjarnar sjást nokkuð greinilega á

loftmynd af svæðinu frá 1958. Sennilega má tímasetja minjarnar sitthvoru megin við aldamótin 1900.

Fyrirhuguð lega strengsins lá nokkuð þvert í gegnum minjarnar en breytingar voru gerðar á legu strengsins og liggur hann nú um 100 m austan við austasta hluta minjanna. Minjunum stafar því ekki hættu af framkvæmdunum.



Mynd 14. Staðsetning framræsluskurðanna með tilliti til legu strengsins.

Þistilfjörður

Gunnarsstaðir

Gunnarsstaðir voru um tíma ein landmesta jörðin í Svalbarðshreppi og eru jarðirnar Holt, Hávarðsstaðir og Brúarland upprunalega undan Gunnarsstaðarlandi. Í jarðamati Árna og Páls er jörðin metin á 15 hundruð að dýrleika og í eigu konungs (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1943:365) (Björn Guðmundsson 1959:175). Um 1840 þegar Jarðatal Johnsen er gert er jörðin metin á 23 og 1/6 (J. Johnsen 1847:345). Leið strengsins nær ekki heim að bæ á Gunnarsstöðum og liggur einnig utan túns. Í landi Gunnarsstaða var aðeins skráð ein fornleif. Um er að ræða vörðu sem stafar ekki hætta af framkvæmdunum.

[3141-011] Varða

Staðsett rúman kílómetra beint vestan við bæinn á Gunnarsstöðum, stutt austan við Gunnarsstaðaás á lágum hól. Nokkuð reisuleg varða um 1x1 m í grunninn og rúmur meter á hæð. Varðan er staðsett um 150 m sunnan við legu strengsins og telst ekki í hættu vegna framkvæmdanna.



Mynd 15. Varða [3141-11]. Mynd tekin til norðurs.

Laxárdalur og Holt

Í Jarðbók Árna og Páls er dýrleiki jarðarinnar óviss en Johnsen metur hana á 12 hundruð og telur hana sem kirkjujörð (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1943:364) (J. Johnsen 1847:345). Í sýslu- og sóknarlýsingum er jörðin sögð bóndaeign og metin á 25.5 hundruð. (Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir 1994:256). Holt er nýbýli byggt 1913 úr Gunnarsstaðarlandi og var land Laxárdals og Holts lengi óskipt (Halldór Sigurðsson, Þórarinn Kristjánsson & Þórarinn Þórarinnsson 1985:175). Í landi Laxárdals og holt voru skráð og mæld tvö garðlög.

[3141-009] Garðlag

Þétt norðan við heimreiðina að Laxárdal 2, til móts við afleggjarann að Laxárdal 1, er lágur túngarður sem liggur nokkurn veginn norður-suður, skorinn af litlum læk sem rennur þar. Garðurinn virðist hlaðinn úr torfi, hæð hans er á bilinu 0.2-0.5 m og er hann um 1 m á breidd. Garðurinn er nokkuð vel greinilegur fjær veginum en nær honum er hann nokkuð blásinn og hruninn. Sjá má á túnakorti



Mynd 16. Garðlag [3141-009], mynd tekin til norðurs.

Laxárdals frá 1920 að túngarður hefur umlykið allt heimatúnið. Er þessi garður að stórum hluta horfinn undir sléttun og veg en enn má sjá töluverðar leifar hans. Talið er að Jón bóndi Björnsson hafi reist túngarðinn úr torfi og grjóti á seinni hluta 19. aldar, frá um 1860-90 (Björn Guðmundsson 1959:173) (Stefán Eggertsson). Garðlag [3141-009] stendur trúlega utan við túngarðinn sem Jón Björnsson reisti en ekki er ósennilegt að garðlögin séu reist á svipuðum tíma.

Lega strengsins fer í gegnum suðurhluta garðlagsins og stafa minjunum því hætta af framkvæmdunum.


[3141-010] Garðlag

Garðlagið er staðsett bæði á austur og vestur bakka Laxár. Á austurbakkanum liggja minjarnar á um 100 m kafla frá girðingu sem stendur þétt við veginn að Laxánni með beina stefnu frá austsuðaustri til vestnorðvesturs. Á vesturbakka Laxárinnar er garðlagið nokkuð hærra og liggur það í beina lína með sömu stefnu á um 40 m kafla, 50 m frá veginum. Tvö nokkuð breið skörð eru í garðinum á vesturbakkanum. Svæðið sem garðurinn stendur á og garðurinn sjálfur er nokkuð uppblásið og holótt. Garðlagið austan Laxár er töluvert lægra og minna um sig og minnir frekar á spor eftir girðingu. Líkt og minjar [3141-009] ber útlit og eðli garðlagsins ekki þess merki að vera mjög fornt og líklega eru minjarnar báðar reistar á svipuðum tíma í kringum aldamótin 1900.

Fyrirhuguð lega strengsins fer í gegnum suðurhluta garðlagsins og stafar minjunum því hætta af framkvæmdinni. Hluti garðlagsins sem stendur vestan ár er norðan við áhrifasvæði framkvæmdanna og stafar því ekki hætta af þeim.



Mynd 17. Garðlag [3141-010] á vesturbakka Laxár. Mynd tekin til austurs.



Mynd 18. Staðsetning mældar minjar við Laxárdal og Holt með tilliti til legu strengsins.

Syðra-Áland

Syðra-Áland var áður kallað Fremra-Áland. Í Jarðabók Árna og Páls er jarðarinnar getið sem hjáleigu frá Álandi og hefur þá verið í eyði í 40 ár (Árni Magnússon og Páll Vídalín 1943:363). Í Jarðtali Johnsen er bærinn metinn á 4 hundruð og tilgreind sem kirkjujörð (J. Johnsen 1847:345).

Í landi Syðra-Álands voru tvær minjar skráðar. Um er að ræða vað á Hölkná og gamla bæjarstæðið á Syðra-Álandi.

[3141-002] Heimild um vað Lækjarósvað

Vað á Hölkná austan við bæinn á Syðra-Álandi, stutt neðan við tvö hús sem þar standa á bakka árinna, Lækjarós 1 og 2. Í örnefnaskrá Syðra-Álands segir: „*Svo rennur Stórilækur í Hölkná fast norðan Lækjarósmels. Þar sem hann rennur í Hölkná heitir Lækjarós, Lækjarósvað er þar á Hölkná rétt sunnan við Lækjarósinn.*“

Minjarnar eru þess eðlis að þeim stafa ekki hættu af framkvæmdunum.

[3141-003] Bæjarhóll



Hóll um 65 metra austan við bæjarhúsin á Syðra-Álandi, þétt norðan við veginn að Lækjarós. Hóllinn er hringlaga, um 30 m að þvermáli og nokkuð ósléttur efst. Rétt sunnan við miðju hólansins er vel greinileg kassalöguð dæld. Í örnefnaskrá Syðra-Álands er þess getið að bærinn

hafi áður staðið austar á hól en hann nú gerir, var hann byggður úr torfi og timbri (Örnefnaskrá Syðra-Álands). Staðfesti Ólafur Birgir Vigfússon ábúandi á Syðra-Álandi að gamli bærinn hafi staðið þar á hólnum og að upprunalega hafi efni verið notað úr gamla bænum í byggingu hins nýja þegar það var reist 1945 (Þórarinn Þórarinsson, Þórarinn Kristjánsson & Halldór Sigurðsson 1985:526) (Ólafur Birgir Vigfússon). Gamli bærinn hefur því líklegast staðið þar á hólnum fram til 1945 þegar nýi bærinn er reistur og er ekki ósennilegt að hann hafi staðið þar frá fornu fari.

Hóllinn lenti að hluta til innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar legu strengsins en var lega hans færð um 15 m norðar og utan fyrir 15 m friðhelgi minjanna, stafar því minjunum ekki hætta af framkvæmdinni.

Niðurstöður & mótvægisáðgerðir

Af þeim þrettán minjum sem lýst hefur verið í skýrslunni hér að framan telst fjórum þeirra stafa hætta af framkvæmdunum. Það eru: Mógrafir [3141:007], túngarðar [3141:009] og [3141:010] og heimild um túngarð [3141:013].

Mógrafir [3141:007] eru að öllum líkindum frá lokum 19. aldar fram á byrjun 20. aldar og njóta því friðunar sökum aldurs. Eins og fyrirhuguð lega strengsins er nú, liggur hann um austari hluta grafanna. Til að hlífa þeim mætti hliðra línunni um 20 m til austurs, en þar næst við eru slétt tún.

Túngarðar [3141:009] og [3141:010] eru báðir í hættu vegna lagningu strengsins. Byggingu garðlaganna má sennilega tímasetja til loka 19. aldar eða snemma á 20. öldinni og nýtur því líklegast aldursfriðunar. Liggur strengurinn í gegnum suðurenda beggja garðlaganna. Með minniháttar hliðrun á strengnum þétt upp að veginum mætti hlífa minjunum, en lægi strengurinn þó enn innan 15 m friðhelgi þeirra. Færa þyrfti legu strengsins suður fyrir veginn svo ekki væri farið inn fyrir friðhelgina.

Túngarðurinn [3141:013] við Ytra-Lón var skráður eftir heimildum, hans er getið í örnefnaskrá Ytra-Lóns. Garðurinn sást ekki á vettvangi og er hann sennilega horfinn vegna sléttunar. Er garðurinn sagður staðsettur á milli gamla og nýja bæjarstæðisins á Ytra-Lóni. Liggur leið strengsins skáhallt þvert yfir túnið á milli bæjarstæðanna. Eru minjarnar horfnar og er ekki talin þörf á mótvægisáðgerðum að svo stöddu.

Bent er á að allar minjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun, að nákvæmri fornleifarannsókn, s.s. könnunarskurðum. Þá er tekinn þverskurður í gegnum minjarnar, snið teiknað og ljósmyndað og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynleg. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Tafla 1. Yfirlit yfir skráðar minjar

Nr.	Teg.	Hlutverk	Hættumat	Ástand	Aldur	Friðlýst?	ÍSNET E	ÍSNET N
3141-001	tóft	óþekkt	engin hætta	vel greinanlegar	1500-1920	Nei	666645	641840
3141-002	heimild	vað	engin hætta	greinanlegar		Nei	654936	633104
3141-003	hóll	bæjarhóll	engin hætta	vel greinanlegar	870-1945	Nei	654517	633236
3141-004	garðlag	túngarður	engin hætta	greinanlegar	1500-1920	Nei	667682	643364
3141-005	tóft	útihús	engin hætta	vel greinanlegar	1500-1920	Nei	667618	643394
3141-006	garðlag	túngarður	engin hætta	greinanlegar	1500-1920	Nei	667552	643133
3141-007	niðurgröftur	mógrafir	hætta	illgreinanlegar	1888-1920	Nei	665170	639486
3141-008	niðurgröftur	framræsla	engin hætta	greinanlegar	1850-1920	Nei	665222	639973
3141-009	garðlag	túngarður	hætta	greinanlegar	1800-1920	Nei	657344	633186
3141-010	garðlag	túngarður	hætta	greinanlegar	1800-1920	Nei	657717	633210
3141-011	varða	samgöngubót	engin hætta	vel greinanlegar	870-1920	Nei	660112	633143
3141-012	hóll	bæjarhóll	engin hætta	vel greinanlegar	870-1964	Nei	672819	644338
3141-013	heimild	túngarður	hætta	sést ekki	1800-1920	Nei	672896	644289

Myndaskrá:

Mynd 1. Fyrirhuguð lega strengsins á Langanesi, ásamt breytingum vegan fornleifa í hættu..5	
Mynd 2. Fyrirhuguð lega strengsins í Pistilfirði, ásamt breytingum vegna fornleifa í hættu...5	
Mynd 3. Gamla bæjarstæðið [3141-012] á Ytra-Lóni. Mynd tekin til vesturs.7	
Mynd 4. Tóft [3141-001] við Gunnlaugsá í forgrunni, þjóðvegur í bakgrunn.9	
Mynd 5. Staðsetning tóftar [3141-001] með tilliti til legu strengsins.9	
Mynd 6. Garðlag [3141-004] við Sauðaneskot, fyrir miðri mynd. Mynd tekin til austurs..... 10	
Mynd 7. Tóft [3141-005] við Sauðaneskot, mynd tekin til norðvesturs..... 11	
Mynd 8. Uppmæling á tóft [3141-005]. 11	
Mynd 9. Garðlag [3141-006] fyrir miðri mynd, tekið til austurs..... 12	
Mynd 10. Staðsetning minjanna við Sauðaneskot með tilliti til legu strengsins. 12	
Mynd 11. Loftmynd af Þórshöfn frá 1958, mógrafirnar fyrir miðri mynd. Mynd fengin í loftmyndasafni LMÍ. 13	
Mynd 12. Staðsetning og umfang mógrafanna með tilliti til legu strengsins 14	
Mynd 13. Framræksluskurðirnir þar sem þeir mætast. Mynd tekin til suðurs..... 14	
Mynd 14. Staðsetning framræsluskurðanna með tilliti til legu strengsins. 15	
Mynd 15. Varða [3141-11]. Mynd tekin til norðurs. 16	
Mynd 16. Garðlag [3141-009], mynd tekin til norðurs. 17	
Mynd 17. Garðlag [3141-010] á vesturbakka Laxár. Mynd tekin til austurs. 18	
Mynd 18. Staðsetning mældar minjar við Laxárdal og Holt með tilliti til legu strengsins..... 18	

Heimildaskrá

Ari Gíslason (1971): Örnefnaskrá Sauðaneshreppur – Hlíð. Örnefnastofnun.

Ari Gíslason (1971): Örnefnaskrá Sauðaneshreppur – Ytra-Lón. Örnefnastofnun.

Ari Gíslason (1971): Örnefnaskrá Sauðaneshreppur – Sauðanes. Örnefnastofnun.

Ari Gíslason (1973): Örnefnaskrá Sauðaneshreppur – Syðra-Lón. Örnefnastofnun.

Ari Gíslason (1967): Örnefnaskrá Svalbarðshreppur – Gunnarsstaðir. Örnefnastofnun.

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1943). *Jarðabók – Þingeyjarsýslu*. 11. Bindi. Hið Íslenska Fræðafjelag. Kaupmannahöfn.

Björn Guðmundsson (1959). *Lýsing Þingeyjarsýslu – Norður Þingeyjarsýsla*. Ritsafn Þingeyinga II. Helgafell Reykjavík.

Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir (1994). *Þingeyjarsýslur – Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. Gott mál hf. Reykjavík.

Eggert Stefánsson (2023). Munnleg heimild.

Friðrik G. Olgeirsson (1998): *Langnesingasaga I – Saga Byggðar á Langnesi frá landnámi til 1918*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.

Friðrik G. Olgeirsson (2000): *Langnesingasaga II – Saga Byggðar á Langnesi frá 1918 til 2000*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.

Halldór Sigurðsson, Þórarinn Kristjánsson & Þórarinn Þórarinsson (1985). *Land og Fólk – Byggðasaga Norður-Þingeyinga*. Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga. Akureyri.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S, Trier. Kaupmannahöfn.

Kristján Eiríksson (1973): *Örnefnaskrá Svalbarðshreppur – Syðra-Áland*. Örnefnastofnun.

Ólafur Birgir Vigfússon (2023). Munnleg heimild.

Þórarinn Kristjánsson (1967): *Örnefnaskrá Svalbarðshreppur – Laxárdalur og Holt*. Örnefnastofnun.

Kort af skráðum minjum:



